

Litli Hver



Lyftuframkvæmdir hafnar

Fannar Þór, Þorkell og Einar Þór í pásu milli átakanna við niðurrifið.

Helgina 24. til 25. febrúar var hafist handa við að saga fyrir lyftuopinu á milli hæða fyrir væntanlega lyftu.

Lyftan er komin til landsins og verður að öllum líkindum sett upp í næstu

viku. Starfið í klúbbnum mun þess vegna snúast að miklu leiti um téðar framkvæmdir og eru félagar beðnir um að sína þolinmæði á meðan á framkvæmdum stendur.

Atvinna með stuðningi

Klúbburinn Geysir hefur hafið samstarf við Íslandspóst hf. um atvinnu með stuðningi.



Kristján flokkar póstin.

Þetta er tilraunaverkefni til tveggja mánaða og ef vel tekst til verður vonandi framhald á samstarfinu. Starfið felst í flokkun pósts og útburði. Kristján Gunnar Ólafsson þreytir frumraun sína í starfinu og hefur gengið mjög vel. Sigríður Gísladóttir starfsmaður er tengiliður vegna þessa starfs.

Fyrirhuguð Námskeið

Miðvikudaginn **28. febrúar** nk. mun Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun ehf. halda námskeið í



tímastjórnun í Geysi frá kl. 13.00 til 16.30. Af þessum sökum mun húsfundur færast yfir á fimmtudaginn 1. apríl kl. 14.30. Þann **8. mars** nk. hefst grunn- og byrjendanámskeið í forritunum Windows og Excel. Námskeiðið er sniðið að þeim verkefnum sem unnin eru í Geysi og þess vegna kjörið tækifæri fyrir félagi að öðlast færni í vinnslu verkefna sem unnin eru í klúbbnum. Námskeiðið verður tvisvar í viku á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 14.00 - 16.00. Áhugasamir skrái sig á blað í móttöku eða



Geysir heimsækir Listasafn Íslands

Fríður hópur fólks frá Geysi fór í Listasafn Íslands fimmtudaginn 16. febrúar. Skoðuð var sýningin Frelsun Litarins. Kristín Arngrímsdóttir leiddi hópinn í gegnum sýninguna og fræddi okkur um fauvismann. Mjög fróðlegt var að hlusta á Kristínu og þakkar Klúbburinn Geysir henni fyrir frábæra kynningu. Líflegar umræður spruttu um margar myndir og var það samróma álit hópsins að klúbburinn mætti gera meira af því að fara á sýningar sem þessar.

Árangurskönnun í mars

Ákveðið hefur verið að leggja nýja árangurskönnun fyrir félagi í Geysis nú í mars. Könnunin er sambærileg fyrri könnunum sem lagðar hafa verið fyrir Geysisfélagi til þess að meta árangur starfseminnar. Félagar geta nálgast spurningalistana á skrifstofunni í byrjun mars.

Frá og með 1. febrúar mun verð á hádegismat verða 350 kr., te 20 kr., og kaffi 20 kr.

Fréttir af húsfundum í febrúar

7. febrúar: Gert er ráð fyrir að Gosið komi út 15. mars og fjalli mest um heilsu. 26. maí verður 100 ára afmæli Klepps haldið og er Klúbbnum Geysi boðið að kynna klúbbinn við það tækifæri. Eftirfylgniheimsókn Mosaik klúbbsins verður 27. og 28. júní. Fræðslufundur um samfélagsþjónustu verður 10. febrúar.

14. febrúar: Farið á málverkasýningu í Listasafni Íslands. Lyftuframkvæmdir byrja í næstu viku. Samþykkt að athuga með námskeið í símsvörun hjá Rauða Krossinum. Tímastjórnunarnámskeið verður til athugunar 28. febrúar. Elín verður með grunnnámskeið á tölvur í mars. Ákveðið að halda fundi um framhald framkvæmdaáætlunarinnar. Elín og Sigga Gísla fara á námskeið um atvinnu með stuðningi. Hugmynd frá Guðna um að uppfæra ADSL-tenginguna, þannig að eldhúseild og viðhaldsdeild fái sín eigin tölvupóstföng.

21. febrúar: Ákveðin var félagsleg dagskrá fyrir febrúar. Stefnt að því að fara í leikhús í mánuðinum. Elín kynnti þau námskeið sem eru framundan. Upplýsingar má m.a. finna á heimasíðunni. 28. febrúar verður námskeið í Tímastjórnun. 8. mars verður Elín með tölvunámskeið sem standa mun í tvær vikur. Benni verður umsjónarmaður með Publisher námskeiði sem auglýst verður síðar. Rætt um reykingaráðgjöf og félagar hvattir til að kynna sér möguleika til að hætta að reykja. Kynnt niðurstaða undirbúningsfundar vegna sumarferðar. Rætt um að fara á Snæfellsnesið eða í Húsafell. Verið er að athuga gistingu og rútukostnað.

Þorri blótaður

Þorrablót
Geysis var
haldið með
glæsibrag



fimmtudaginn 8. febrúar síðastliðinn. Fimmtíu og tveir, félagar, starfsmenn, ættingjar og vinir mættu á blótið og skemmtu sér hið besta. Maturinn smakkaðist mjög vel, framreiddur að þjóðlegum hætti sýrður sem ósýrður. Mikið var sungið undir borðum sem svignuðu undan kræsingunum. Tíðindamaður heimasíðunnar var á staðnum. Hann náði tali af Gunnari Gestssyni sem sagðist líka Þorramaturinn ágætlega „Ég borða mikinn hákarl sem mér finnst herramannsmatur og reyndar bestur af þeim mat sem kenndur er við Þorrann.“

Hvernig fannst þér söngurinn?
„Hann var flottur en sjálfur er ég ekki mikill söngmaður,“ sagði Gunnar og hélt áfram að gæða sér á hákarlinum, sem rann ljúflega niður með kóki.

Að loknu vel heppnuðu blóti héldu gestir til síns heima mettir og glaðir á sál og líkama og efalaust farnir að hlakka til

Myndlistarsýningar í Geysi

Ákveðið hefur verið að bjóða félögum í Geysi sem leggja stund á myndlist að hengja upp myndir sínar í matsalnum og teríunni. Gert er ráð fyrir að hver sýning standi yfir í um það bil tvo mánuði. Helgi Ásmundsson reið á vaðið og munu myndir hans verða félögum til



**Ein mynda
Helga á
sýningunni.**

Ráðning til reynslu

Leiðrétting: Mistök urðu við vinnslu RTR greinar í síðasta tbl. Litla Hvers, þar sem auglýst voru næstu laus RTR störf. Að gefnu tilefni er störfin auglýst hér að nýju.

Næstu RTR störf sem laus verða til umsóknar eru: Félagsmálaráðuneytið losnar 2. apríl. Hagkaup losnar 2. maí. Félagar sem áhuga hafa á þessum störfum eru hvattir til að setja sig tímanlega í réttar umsóknarstillingar.

Heilsuræktarunnendur

Félagar munið að heilsuræktarhópurinn hittist þrisvar í viku; mánudaga, miðvikudaga kl. 16 og föstudaga kl. 15. Alltaf er pláss fyrir áhugasama sem vilja stæla líkamann og vera í góðu formi. Allar nánari upplýsingar í Geysi.

Myndbirtingar í miðlum Geysis

Við birtum reglulega myndir af félögum og starfsfólki í Litla-Hver, Gosinu, Geysir Chronicle, vefsíðu Klúbbsins og víðar. Ef félagi vill ekki að myndir séu birtar af honum í þessum miðlum þá er hann beðinn um að tilkynna óskir sínar varðandi myndbirtingar til viðkomandi ritstjórna.

Fram undan í mars

Fimmtudagur 1. mars

Opið hús til kl. 20.00 Myndasýning frá Evrópuráðstefnunni

Laugardagur 10. mars

Leikhúsfærð. Viltu finna milljón kl.20.00

Fimmtudagur 15. mars

Kaffihúsaferð

Mánudagur 19. mars

Töframáttur tónlistar kl. 14.00 í Listasafni Íslands

Fimmtudagur 22. mars

Gönguferð. Lagt af stað frá Geysi kl.16.15

Fimmtudagur 29. mars

Spilakvöld í Geysi frá kl.18.00 til 20.00
Léttar veitingar

Morgunfundir

Morgunfundir eru nú alla morgna og hefjast klukkan 09.00. Munið frían morgunmat frá 9.00 til 9.30
Allir að mæta

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum féлага til að mæta á fundina.

Húsfundur!

Húsfundur eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir féлага til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Allir að mæta!!!

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 08:30 - 16:00,
nema föstudaga er lokað kl. 15:00.